

1866.

10. janúar.

#### 4. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um jarðaskipti.

Í bænarskrá, er hingað hefir borizt með bréfi yðar, herra amtmáður, 26. októbermán. f. á., hefir Pétur Fr. Eggerz, kaupmaður, sókt um að fá þessar þjóðjardir: Borðeyri, Hladhamar, Litlu-Hvalsá og Eyjar, en þær eru alls 36,4 hundruð að dýrleika með  $4\frac{1}{2}$  kúgildi, og liggja undir Stranda sýslu umbod, í jarðaskiptum fyrir Gardapláz, er svo er nefnt, í Staðar sveit í Snæfellsnessýslu, en það er 37,3 hundruð að dýrleika með 11 kúgildum, þannig, að hann afsali sér öllu tilkalli til lóðartolls þess, er gjalda á af verzlunarstaðnum Borðeyri, þó að undantekinni lóð þeirri, sem Guðmundi Einarssyni og honum hefir verið mæld út. Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörðið það, að beiðandaum ekki verður veitt það sem hann sækir um.

Um leið eruð þér bednir, herra amtmáður, að skýra stjórnarráðinu frá, hvaða ráðstafanir hafi gjörðar verið útaf bréfi þess 12. marzmán. 1864, um lóðartoll af Borðeyri.

12. janúar.

#### 5. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun fyrir kennslu í læknisfræði.

Í bréfi dagsettu 7. aprilmán. f. á. hefir stiptamtíð skýrt frá, að á árunum 1861 og 1862 hafi Hjaltalín, landlækni og jústizráði, verið borgaðir 332 rd. 68 sk. úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir að kenna Þorvaldi Jónssyni, sem nú er settur héraðslæknir í hinu nyrðra læknisumdæmi í vesturamtinu, læknisfræði. Hefir stiptamtíð látið þá skoðun í ljósi, að vesturumdæminu sé skylt að endurgjalda jafnaðarsjóði suðuramtsins fé þetta, þar sem árangurinn af kostnaði þeim, sem hefir verið varið á þenna hátt til að kenna greindum lækni, hafi komið því í hag, og hefir stiptamtíð farið þess á leit, að stjórnarráðið skipi fyrir um, hvernig vesturamtíð eigi að haga sér í þessu efni.

Eftir að fengið hefir verið álitsskjal amtmannsins yfir vestur-